

### Verndun Laxár og Mývatns

SUNN, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi hafa fengið til umsagnar *frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 637. mál á 128. löggjafarþingi 2002-2003*. Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað eldri laga nr 36/1974 þar sem Skútustaðahreppur allur er verndaður ásamt Laxá og bökkum hennar allt til sjávar. Þau lög voru sett í kjölfar harðvítugrar deilu um virkjun í Laxá og umfangsmiklar vatnsveitur af vatnasvæði Skjálfafljóts um Mývatnssveit. Sérstök friðlýsing er svo á Öskju, Herðubreiðarlindum og Skútustaðagígum, til að gera Vatnajökul að þjóðgarði og sérstök nefnd á vegum umhverfissráðuneytisins vinnur að undirbúningi þjóðgarðs eða verndarsvæða norðan Vatnajökuls. Nýja frumvarpið gerir ráð fyrir því að nú verði aðeins áin og vatnin vernduð, auk tiltekinna votlendissvæða, einkum nálæggra vatna og engja. Loks á verndunin skv. nýja frumvarpinu að ná til vatnasviðsins alls, sbr. 2. gr. Auk þess er í bráðabirgðaákvæði tekið fram að friðlýsa eigi valda staða en ekki kemur fram hvaða staðir eru og er það umtalsverður galli.

SUNN fagna sérstaklega ákvæðum frumvarpsins um gerð verndaráætlunar, sbr. 6. gr., og benda á að mikilvægt er að tryggja fjármuni til að markmið laganna náist og efast um að þeir fjármunir sem tilgreindir eru í fylgiskjali frá fjárlagaskrifstofu fjármála-ráðuneytis hrökkvi til.

SUNN gera þrjár meginathugasemdir við frumvarpið:

1. SUNN áréttu að ljúka þyrfti gerð verndaráætlunar skv. 6. gr. og taka þyrfti ákvarðanir um sérstakar friðlýsingar áður en eldri lög eru afnumin. T.d. er gert ráð fyrir því að aðeins líði ár frá afnámi laganna þar til verndaráætlun á að vera tilbúin og rúm þrjú þar til friðlýsingu hinna völdu staða á að vera lokið. Samræma mætti þessar dagsetningar, t.d. á síðari hluta árs 2005 eða fyrri hluta árs 2006. Að uppfylltum þessum skilyrðum, þ.e. gerð verndaráætlunar og friðlýsingu valinna svæða, telja SUNN hins vegar líklegt að frumvarpið í heild sé framfær í takt við tímamót miðað við núgildandi lög. Til vara telja SUNN eðlilegt að umhverfissráðherra leggi fram lista um þau svæði sem friðlýsa á áður en lögin verða samþykkt þannig að sá listi gæti orðið hluti af bráðabirgða-ákvæðinu.
2. Það hefur sýnt sig að þörf er á að efla landvörslu og þjónustu við ferðafólk, vísindamenn og almenning á þessu svæði auk þess sem tryggja þarf gestastofu í Mývatnssveit varanlegt húsnæði. SUNN hafa áður ályktað um mikilvægi þess að byggja upp rannsókn- og fræðslustarfsemi í Mývatnssveit og um eflingu landvörslu en slíkt starf sem heilsársstarf er æ brynna með vaxandi umfangi ferðaþjónustu að vetrarlagi. Þess í stað hefur sumarlandvarsla verið skorin niður í sveitinni og hún ekki aukin að vor- og haustlagi sem er líka brýnt. SUNN áréttu ennfremur að rannsókn- og fræðslustarfsemi ætti að verða mikilvægur þáttur í atvinnumálum í sveitinni og telja að vegna náttúruverndarsérstöðu Mývatns, Laxár og nágrennis sé fyllilega við hæfi að verja opinberum

fjármunum til landvörslu og gestastofu. Loforð um hagnýtingu fjármuna vegna sölu Kísiliðjunnar til að efla atvinnu á svæðinu ber auk þess að efna (sbr. meðfylgjandi ályktun SUNN frá árinu 2001). *SUNN á rétta að mikilvægt sé að lögfesta ákvæði um landvörslu og að 5. gr. frumvarpsins sé engan veginn næg trygging* en þar er umsjón svæðisins falin Umhverfisstofnun með leyfi til að fela „öðrum“ þá umsjón. Vísa SUNN til rökstuðnings nefndar sem undirbjó frumvarpið um þá sérstöðu svæðisins að það hafi ekki einungis hátt verndargildi heldur að þar búi líka fólk. Það hefur sýnt sig að sumir íbúar Mývatnssveitar hafa látið í ljós tortryggni gagnvart náttúruvernd. SUNN telja fullvíst að ef landvörslu og náttúruvernd væri betur sinnt í sveitinni en nú er, ekki síst með „heilsárslandverði“ og gestastofu, myndi sú tortryggni minnka. Tengja mætti lagaákvæði um landvörslu og fræðslustarf við lagaákvæði um verndaráætlun. Þá mætti tengja slíka starfsemi áformum um þjóðgarð eða verndarsvæði norðan Vatnajökuls.

3. SUNN telja að reglugerðir, sbr. 3. og 4. gr. frumvarpsins, ættu að fara til umsagnar frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfisverndar, sbr. samstarfsyfirlýsingu umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka frá 20. mars 2001. Ekki er síður mikilvægt að verndaráætlanir, sbr. 6. gr., og friðlýsingartillögur, sbr. bráðabirgðaákvæði, séu unnar í samráði við frjáls félagasamtök á sviði umhverfisverndar. Þetta þyrfti að lögfesta. Ennfremur telja SUNN koma til greina að frjáls félagasamtök fái fulltrúa í fagråd Náttúruvannsóknastöðvarinnar, sbr. 8. gr.

Raunar telja SUNN eðlilegt að umhverfisnefnd Alþingis athugi rækilega með hvaða hætti frjáls félagasamtök verði gerð að eðlilegum umsagnaraðila um margs konar skýrslur, t.d. í því ferli sem kallast mat á umhverfisáhrifum. Lögbinding slíkra umsagna tryggir lýðræðislegt ferli sem er mjög mikilvægt að fari fram. Nefna SUNN sem dæmi að hvorki SUNN né Fuglaverndarfélag Íslands vissu um breytingu á vegi sem skerðir Vestmannsvatn í Reykjadal fyrir en Skipulagsstofnun hafði ákveðið að undanþiggja veginn mati á umhverfisáhrifum. Vegurinn skerðir m.a. búsvæði flórgoða á friðlýstu svæði. Í þessu felst ekki raunar alls ekki gagnrýni á umsögn Umhverfisstofnunar sem gefin var Skipulagsstofnun áður en ákvörðun um undanþágu frá matsskyldu var ákveðin heldur gagnrýni á þá staðreynd að það skuli hægt að taka slíka ákvörðun án þess að félög í samstarfi við umhverfisráðuneytið fái að vita hvað stendur til.

7. apríl 2003

f. h. SUNN

  
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, formaður  
Drekagili 5, 603 Akureyri  
s. 462 1694, 869 4217

Fylgiskjal: Ályktun SUNN 4. apríl 2001 um nýtingu fjármuna ríkisins við sölu Kísiliðjunnar hf.

Sent Alþingi, umhverfisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, Umhverfisstofnun, Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Aðaldalurshreppi, Húsavíkurbýggð, RAMÝ og fjölmiðlum.

Fylgiskjal: Ályktun frá stjórn SUNN, Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, 4. apríl 2001:

### Nýting fjármuna ríkisins við sölu Kísiliðjunnar hf.

Nýlega bárust fréttir af áformum um að nota fjármum sem íslenska ríkið eignast vegna sölu Kísiliðjunnar í Mývatnssveit til að efla atvinnulíf þar um slóðir.

SUNN, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, leggja áherslu á að með því myndi skapast fágætur möguleiki á að efla atvinnustarfsemi sem tengist beint náttúru og menningu sveitarinnar og nýta þannig fastar og vonandi auknar fjárveitingar betur. Hér skulu nefnd nokkur atriði sem reyndar mörg tengjast hvert öðru innbyrðis:

- Stofnun heilsársstöðu landvarðar með búsetu í sveitinni. Þannig skapast auknir möguleikar á að skipuleggja margvíslegt starf í samvinnu við Náttúruvörðunastöðina við Mývatn, ferðaþjónustuna í sveitinni, söfn, frjáls félagasamtök o.fl.
- Bygging fræðslumiðstöðvar (sem myndi hýsa gestastofu, náttúruvörðunastöð, söfn og e.t.v. fleira). Ákjósanleg staðsetning er líklega annaðhvort austan Skjólbrekku eða einhvers staðar í Reykjahlíðarþorpi þar sem fræðslumiðstöðin myndi verða nálægt fjölsóttum gististöðum). Slík fræðslumiðstöð er af mörgum ástæðum meðal brýnustu verkefna: Nauðsynlega vantar heilsársstað fyrir gestastofu og upplýsingagjöf til ferðamanna. Með breyttum kjarasamningum við grunnskólakennara eru líkur á að skólatími að árinu dreifist yfir lengra tímabil en verið hefur og þar með styttest opnunartíminn í gestastofu sem verið hefur í grunnskólhúsinu í Reykjahlíð enn meira en verið hefur og má síst við því. Þarna þurfa einnig að vera geymslur, vinnuherbergi og skrifstofur fyrir landvörslu og kjörið væri að koma þar upp miðstöð til að sinna fræðslutengdri ferðaþjónustu og náttúruvernd í Mývatnssveit. Inn í slíkt sýningarhúsnæði væri æskilegt að Mývatnssafn og fuglasafn Sigurgeirs Stefánssonar yrðu einnig flutt, auk annarra safna sem vantar aðstöðu. Loks þurfa að vera í fræðslumiðstöð salir til funda, fyrirlestra og sýninga á fræðsluefni.
- Gestamóttaka/fræðslumiðstöð í Bjarnarflagi, helst tengd minjasafni um Kísiliðju. Þar yrðu bæði náttúrufar háhitasvæðanna og atvinnusaga þeirra kynnt.
- Endurvakning á Fræðagarðinum Kvikum sem starfaði um stutt skeið. Fræðagarðurinn útbyggir fræðsludagskrár fyrir ferðamenn og skólahópa, skipulegði móttöku, þjónustu og fræðslu fyrir hópa og ynni að markaðssetningu fyrir slíka ferðamennsku. Best væri að slíkur fræðagarður tæki að sér að samræma og aðstoða hópa sem leita eftir fræðsluferðum um Ísland.
- Fræðslustígar og fuglaskoðunarskýli með myndum og upplýsingum um fuglana og lífnaðarhætti þeirra, með tilvísunum í efni í gestastofu og í bókum.
- Styrkir til einkaframkvæmda, t.d. göngustíga á bújörðum bænda, eru hér e.t.v. mikilvægasta formið. Heilsárlandvörður getur veitt ráðgjöf og aðstoð við margvísleg verkefni sem gætu skapað heimafélki tekjur við ferðamennsku eða verkefni tengd náttúruvernd.
- Söfnun og skráning upplýsinga og fróðleiks, örnefna, sagna og þess háttar sem hægt væri að vinna að yfir veturinn. Heilsárlandvörður gæti skipulagt slíka vinnu með heimamönnum eða séð til þess hún yrði skipulögð af þar til fróðum aðilum.
- Að lokum er rétt að undirstrika að náttúruverndaráætlun þarf að gera fyrir Mývatn og Laxá eins og aðra hluta landsins. Ekki er tímabært að afnema sérstök lög til verndar svæðinu fyrir hún hefur verið gerð og þá því aðeins að verndun þeirra staða sem hafa mest verndargildi, t.d. botns Mývatns, sé tryggð á öruggan hátt, t.d. með friðlýsingu.

Við aðgerðir sem þessar ætti að vera unnt að búa til fáein heilsársstörf í Mývatnssveit og styrkja starfsgrundvöll annarra, t.d. bænda. Þessar aðgerðir myndu efla þá vísa að opinberri starfsemi, t.d. Landgræðslunnar, sem fyrir eru í Mývatnssveit. Það mætti ennfremur hugsa sér að staðsetja í Mývatnssveit verkefni á sviði náttúruverndar fyrir a.m.k. hluta Norður- og Austurlands.

Samþykkt á stjórnarfundum 4. apríl 2001